
Samfélagsmiðlastefna

Inngangur

Þátttaka Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns á samfélagsmiðlum samræmist tilgangi þess og hlutverki sem þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

Markmið

- Að upplýsa og auka vitund almennings um fjölbreytta starfsemi safnsins
- Að miðla upplýsingum um viðburði og sýningar
- Að fjölga þeim sem nýta sér þjónustu safnsins
- Að fjölga þjónustuleiðum sem notendum standa til boða
- Að leggja áherslu á sameiginlega ásýnd safnsins á samfélagsmiðlum.

Ábyrgð

- Aðalábyrgð á samfélagsmiðlum hafa vefstjóri og vefritstjóri
- Ábyrgð innan einstakra sviða skal vera skýr og ábyrgðaraðilar tilgreindir
- Ábyrgðaraðilar mynda samráðshóp sem þróar samfélagsmiðlanotkun safnsins áfram m.a. út frá árlegu árangursmati
- Vefstjóri tekur saman upplýsingar um samfélagsmiðlareikninga og ábyrgðaraðila og uppfærir ársfjórðungslega
- Vefstjóri, vefritstjóri og sviðsstjórar bera ábyrgð á að samfélagsmiðlastefnunni sé fylgt.

Framkvæmd

Vefstjóri og vefritstjóri skilgreina verklag og birta í vinnuhandbók vefmiðla Lbs-Hbs á innri vef. Frá 2018–2019 er áhersla safnsins á samfélagsmiðlum á Facebook.

Gæði birtinga

- Grunnupplýsingar um safnið séu réttar og samræmdar á öllum samfélagsmiðlareikningum þess
- Gæta skal samræmis í birtingum og nota sniðmát.

Gæði framsetningar

- Stuttar og hnitmiðaðar færslur þar sem skilaboðin eru auðfundin
- Raddblær er faglegur, en ekki of formlegur
- Vandað málfar sett fram á skemmtilegan hátt, þegar við á
- Öllum erindum svarað innan sólarhrings á vinnutíma.

Framkvæmdaráð skal láta endurskoða stefnuna reglulega og ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Lagarammi

Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 142/2011, 1. gr.

Tilvísanir

Vinnuhandbók vefmiðla